

HVAÐ GERA KONUR OG HVAD GERA KARLAR?

Kynjaumræða fyrir leikskóla

Aldur nemenda: 4-6 ára

Viðfangsefni: Hvernig eru karlar/konur eða strákar/stelpur

Færnimarkmið: Þrep 1: færni í að hlusta og virða það að einn tali í einu, færa rök fyrir máli sínu

Viðhorfamarkmið: Þora að segja skoðun sína, útskýra mál sitt og færa rök fyrir viðhorfi sínu

Efni og áhöld: Kveikja d: *Er ég strákur eða stelpa?*, úr bókinni *Eru fjöllin blá* eða svipaðar sögur. Má spinna upp sögu þar óljóst er hvaða kyn er um rætt. Stór blöð sem komið er fyrir á gólfi litir.

Tími og umfang: 40-50 mínútur

Höfundur verkefnis: Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir og Lovísa sha Mi

KVEIKJA

Er ég strákur eða stelpa eða sambærilegar sögur.

KENNSLULEIÐBEININGAR OG LÝSING Á VINNU

Saga er lesin þar sem hefðbundnum kynjahlutverkum er ruglað til að kveikja nemendur til umhugsunar.

Börnunum er síðan skipt í tvo hópa sem koma saman við blöðin á gólfinu. Annar hópurinn teiknar karl og hinn hópurinn teiknar konu. Mikilvægt er fyrir þennan aldur að þau vinni saman að þessu því annars er hættu á að þau hugsi um allt út frá sjálfum sér, þabba sinn og mömmu og fái sterkt eignarhald á sinni mynd.

Þegar myndirnar eru tilbúnar eru þær hengdar upp á vegg og börnin fá spurningarnar á borð við:

- Hvað gera konur?
- Hvað gera karlar?
- Hvað getar konur ekki gert?
- Hvað gera karlar ekki gert?

Kennarinn skrifar á myndirnar hugmyndir nemenda. Það er gott að tveir kennarar vinni þetta saman.

Um að gera að finna fleiri spurningar en það sem skiptir máli er að þau færi rök fyrir máli sínu. Það má nota spurningar:

- Ert þú/þið sammála/ósammála?
- Af ert þú/þið sammála/ósammála?

Það er alls ekki markmiðið að gera tæmandi lista yfir hvað karlar og konur gera eða ekki eða fá einhverja niðurstöðu heldur þjálfa nemendur í að færa rök fyrir máli sínu.

Tilbrigði við stefið:

FLEIRI VERKEFNI Í VERKEFNABANKA HEIMSPEKITORGSINS

- Heimspekileikir – inngangstexti
- Heimspekileg samræða – grunnuppskrift



© 2013 VERKEFNABANKI HEIMSPEKITORGSINS, HÖFUNDAR: JÓHANNA GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR OG LOVÍSA SHA MI

Verkefnabanki Heimspekitorsins er samstarfsverkefni [Félags heimspekikennara](#), [The Philosophy Man](#) og kennara hjá [Hagnýtri heimspeki](#).